



ERINDISBRÉF

Fjallskilanefndir í Skaftárhreppi

Stjórnskipuleg staða

Fjallskilanefndir í Skaftárhreppi heyra undir sveitarstjórn Skaftárhrepps.

Skipan fjallskilanefnda

Fjallskiladeildir í Skaftárhreppi skulu vera fimm og afmarkast af fyrrum hreppamörkum gömlu hreppanna: Hörgslandsdeild, austan og vestan Hverfisfljóts, Kirkjubæjardeild, Meðallandsdeild, Skaftártungudeild og Álftaversdeild.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum kys sveitarstjórn 3 fulltrúa í nefndir fjallskiladeilda og jafnmarga til vara.

Sveitarstjórn er heimilt að óska eftir tilnefningu fjallskilanefndar frá búnaðarfélögum á viðkomandi svæðum. Sveitarstjórn kys nefndinni formann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu fjallskilanefnda, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans. Nefndin kys sér varaformann og ritara úr hópi nefndarmanna.

Kjörtímabil fjallskilanefnda er jafnlagt kjörtímabili sveitarstjórnar.

Fjallskilanefndir starfa í umboði sveitarstjórnar, þær hafa ekki sjálfstæðan fjárhag en gera áætlun um fjallskilakostnað og framkvæmd og fjármögnun tiltekinna verkefna, sbr. 2. gr., enda séu slíkar tillögur fram komnar fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar viðkomandi fjárhagsárs.

Hlutverk og verksvið

Fjallskilanefndir skulu ákveða hvenær farið er í lögsöfn, ár hvert, og sjá um álagningu og framkvæmd fjallskila, hver á sínu svæði, sbr. fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020 og lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum.

Fjallskilanefndir skulu leitast við að skipuleggja fjallsöfn á sem hagkvæmastan hátt, samræma álagningu milli fjallskiladeilda í hreppnum eftir því sem við verður komið, tímasetningu lögsafna og hafa samráð um önnur málefni sem deildunum eru sameiginleg.

Ákvörðun um áætlaða réttardaga í 1. safni næsta árs, skal liggja fyrir að loknum fjallsöfnum, ár hvert, vegna skipulagningar réttarferða og fl.

Fjallskilanefndir skulu einnig taka ákvörðun um upprekstartíma á afrétti, að höfðu samráði við Landgræðslu ríkisins. Einnig skulu fjallskilanefndir fylgjast með ástandi gróðurs í lok beitartíma, s.s. beitarlági við afréttargirðingar, og gera viðeigandi ráðstafanir ef þörf krefur.

Ef landeigendur eða umráðamenn jarða verða uppvísir að því að smala ekki heimalönd sín, sbr. 19. gr. fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu skal fjallskilanefnd í viðkomandi fjallskiladeild gera viðeigandi ráðstafanir.

Fjallskilanefndum er heimilt, í samráði við sveitarstjórn, að kalla Landgræðsluna ríkisins til eftirlits ef ástand gróðurs í heimalöndum gefur tilefni til. Fjallskilanefndir skulu fylgjast með ástandi afréttarvega, smalaslóða, gangnamannahúsa, lögrétta, afréttargirðinga og annarra mannvirkja, sem notuð eru við nýtingu afréttanna, meta þörf á viðhaldi og endurbyggingum og gera tillögur til sveitarstjórnar um framkvæmdir og forgangsroðun þeirra í viðkomandi fjallskiladeildum.

Pegar um er að ræða mannvirki sem einnig eru nýtt á vegum sveitarstjórnar, eða ráðstafað af henni, í þágu ferðapjónustu skulu viðkomandi aðilar hafa samráð um tillögugerð og framkvæmdir.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda sveitarstjórnar Skaftárhrepps er fjallað í V. kafla í *Samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins Skaftárhrepps* og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á. Fjallskilanefndir skulu halda fundi eftir þörfum. Fundargerð má hvort heldur sem er færa í gerðarþök eða beint í tölvu, en sérstaklega skal gætt ákvæða í Samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins

Skaftárhrepps. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana í gerðarbók og á útprentun tölvufærðrar fundargerðar. Formaður nefndarinnar sér um að undirrituð fundargerð berist sveitarstjóra sem sér svo um að hún sé tekin á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Fjallskilanefndir skulu skipa fjallkóna og gefa út fjallskilaseðla, sbr. fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu. Strax að loknum fjallsöfnum, haust hvert, skulu fjallskilanefndir skila skýrslu um álagningu fjallskila til sveitarstjórnar, ásamt tillögum að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Formenn fjallskilanefnda, eða fjallkóngar í umboði þeirra, skulu árita alla reikninga vegna fjallskila sem greiðast eiga úr sveitarsjóði.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur fjallskilanefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps* eftir því sem við á.

Meðlimum nefndarinnar er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt, tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns nefndarinnar a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi fjallskilanefndar eru nefndarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og skráðum reglum. Þá skulu þeir virða í hvívetna *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps*.

Meðlimir nefndarinnar og aðrir sem fundi hennar sitja eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu á vegum nefndarinnar og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó svo að látið sé af störfum. Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Nefndarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skulu fjallskilanefndir taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið nefndarinnar, sérstaklega þó *Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020 og lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum*. Þá skal nefndin fylgja *sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps* eins og hún er hverju sinni.